

Fundur í foreldrafélagi F.S.H haldinn þri. 8. feb 2011

Mættir: María, Ásgerður, Guðrún Gísladóttir , Guðrún Kristinsdóttir og Hulda Jóns.

Frá nemendafélaginu: Sigga Hauks, Aldís og Bóas

Frá Hollvinasamtökunum: Sigga Hauks og Helena Ingólfssd.

1. María setti fund og nemendafélagið fræddi okkur um starfsemi nemendafélagsins og því sem framundan er. Okkur í foreldrafélaginu fannst mikið gert fyrir krakkana og margt í boði. Við ræddum við þau hvort og hvernig við foreldrar gætum komið þeim til aðstoðar í þeirra starfi. Nemendafélagið tók vel í þessa tillögu okkar og mun ræða það í sínum hópi hvað við foreldrar getum gert í samstarfi við þau.
2. Sigga og Helena sögðu okkur frá starfi Hollvinasamtakana undanfarin ár. Félagið hefur ekki starfað í nokkurn tíma en verið er að vinna að því að fá nýtt fólk í stjórn og rífa félagið upp. Stefnt er á Málþing á næsta ári 2012 í tilefni af 25 ára afmæli skólans. Rætt var um aðkomu afmælisstúdenta við útskrift stúdenta ár hvert. Við erum sammála því að skólinn eigi að hafa samband við afmælisstúdenta með góðum fyrirvara.

Fleira ekki rætt

Guðrún Kristinsdóttir